

Skilmálar Græns framtíðarreiknings

1. Samningur um stofnun bundins græns framtíðarreiknings hjá Auði/Kviku banka hf.
2. Umsækjandi/lögráðamaður hefur sótt um að opna bundinn verðtryggðan framtíðarreikning hjá Auði (Kviku banka hf., kt. 540502-2930) fyrir hönd reikningseiganda. Reikningurinn er bundinn til 18 ára aldurs reikningseiganda.
3. Umsækjandi, f.h. reikningseiganda, og Kvika banki hf., kt. 540502-2930, gera með sér þennan samning um stofnun bundins framtíðarreiknings hjá Auði. Auður er vörumerki fyrir rafræna þjónustu um fjármál og er hluti af þeirri þjónustu sem Kvika býður viðskiptavinum upp á. Kvika er með viðskiptabankaleyfi skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Um bundna græna framtíðarreikninga Auðar og samninginn gilda eftirfarandi skilmálar, auk almennra skilmála Auðar, eftir því sem við á, sem aðgengilegir eru á heimasíðu Auðar, audur.is, og almennra skilmála vegna viðskipta hjá Kviku banka hf. og aðgengilegir eru á heimasíðu Kviku, kvika.is.
4. Allar innstæður sem lagðar eru inn á framtíðarreikninga Auðar verða notaðar til að fjármagna eða endurfjármagna umhverfisvæn verkefni eins og þau eru skilgreind í grænni fjármálaumgjörð Kviku banka, sem er aðgengileg á heimasíðu bankans.
5. Umsækjandi gerir sér grein fyrir að innborganir á reikning, ásamt vöxtum og verðbótum, eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda. Hægt er að stofna framtíðarreikning til 17 ára aldurs reikningseiganda og hægt að leggja inn á reikninginn fram til 18 ára aldurs reikningseiganda. Framangreint gildir óháð því hvort reikningseigandi stundi reglulegan sparnað eða ekki.
6. Í einn mánuð (30 daga) frá 18 ára afmælisdegi reikningseiganda verður innstæða laus til útborgunar og er reikningseiganda einum, eða gildum umboðsmanni, heimilt að taka út af reikningnum. Að þeim mánuði liðnum er innstæða reiknings laus til útborgunar með þriggja mánaða fyrirvara í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 877/2018, sbr. 1. tl. 2. mr. 2. gr., sbr. reglur nr. 109/2019. Útborgun er háð því skilyrði að fullgildum persónuskilríkjum eða umboði reikningseiganda til úttektar sé framvísað, ásamt öðrum skilyrðum til úttektar. Umboðsmaður skal sanna á sér deili á sama hátt og reikningseigandi.
7. Á 18 ára afmælisdegi reikningseiganda missir lögráðamaður sýn á og umsjón með reikningi þar sem reikningseigandi öðlast fjárræði á þeim tímapunkti. Reikningseigandi þarf við 18 ára aldur að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, svara spurningum og undirrita viðskiptaskilmála til að öðlast umsjón með reikningi sínum.
8. Reikningurinn er verðtryggður grænn innlánsreikningur sem tekur mið af breytingum á vísitölu neysluverðs. Breytilegir vextir reiknast á innistæðu.
9. Vaxtatímabil reiknings er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert, en vextir bætast við höfuðstól við lok hvers árs.
10. Verðbætur reiknast um hver mánaðarmót samkvæmt vísitölu neysluverðs á lægstu innistæðu reikningsins í síðasta almanaksmánuði og leggjast jafnframt við höfuðstól við næstu mánaðarmót.
11. Umsækjandi gerir sér grein fyrir því hvað felst í öllu framangreindu um binditíma, innborganir og úttektir.
12. Umsækjandi staðfestir að hafa kynnt sér og samþykkir skilmála þessa, almenna viðskiptaskilmála Kviku banka hf., almenna skilmála Auðar, og vaxtaöflu. Gildandi viðskiptaskilmálar Kviku banka hf., skilmálar Auðar og vaxtatafla á hverjum tíma teljast vera hluti samnings þessa. Þessir skilmálar ganga framar almennum skilmálum Auðar að því er varðar binditíma reikningsins, innborganir eða úttektir af reikningnum, auk ákvæða um vexti og verðbætur.
13. Umsækjandi veitir Kviku banka hf. heimild til vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til þess að framkvæma samning þennan. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinganna er til þess að bankinn geti efnt

skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og er geymslutími persónuupplýsinganna 7 ár frá lokum samnings skv. lögum um bókhald.

14. Með samþykki umsækjanda á skilmálum þessum samþykkir hann bókunaraðferðir bankans, t.d. varðandi vaxtareikning. Almennt er vaxtaárið 360 dagar. Vaxtatímabil miðast við 30 daga í mánuði, en upphafi og lok tímabils fer eftir tegund innlánsreiknings hverju sinni. Almennt bera innborganir vexti frá og með þeim tíma er fjármunir eignfærðir á reikning en ef reikningur er stofnaður um helgi eða eftir klukkan 21:00 á virkum degi er bókunardagur innborgunar næsti virki dagur. Síðasti vaxtadagur er dagurinn áður en úttekt er skuldfærð á reikning. Það ræðst af eðli og tegundum reikninga hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður við vaxtabókun.
15. Um stofnun reiknings gilda jafnframt lögræðislög nr. 71/1997, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og reglur settar með stoð í þeim, ásamt öðrum viðeigandi réttarreglum hverju sinni.
16. Ef ofangreindum atriðum er ekki framfylgt getur umsækjandi orðið ábyrg/-ur gagnvart bankanum á tjóni, sem leiða kann af misnotkun reikningsins.

Auður sem hluti Kviku banka hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Tölvupóstfang: audur@audur.is